

FIÓLA MARÍA LÁRUSDOTTIR

RAUNFÆRNIMAT Í ATVINNULÍFINU – THE VALUE OF WORK (VOW)

„The Value of Work“ eða Gildi starfa er tilraunaverkefni sem hleypt var af stokkunum haustið 2005. VOW-verkefnið var tilraunaverkefni til að þróa aðferðir fyrir mat á rauverulegri færni einstaklinga í atvinnulífinu. Fræðslumiðstöðin stýrði verkefninu. Auk FA tóku stofnanir í Danmörku, Englandi, Kýpur, Slóveniu og Svíþjóð þátt í verkefninu. VOW-verkefnið var styrkt um 30 milljónir íslenskra króna frá Leonardo da Vinci-starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins.

Samstarfsaðilar FA í verkefninu hér á landi eru Glitnir, Landsbankinn, Kaupþing banki, Menntaskólinn í Kópavogi, Samband íslenskra bankamanna, VR, starfsgreinarráð fjármála-, verslunar- og skrifstofugreina og menntamálaráðuneytið. Fulltrúar þessara aðila mynduðu faghóp í verkefninu sem fór reglulega yfir framvindu mála. Sams konar faghópar hagsmunaðila hafa verið myndaðir í hinum löndunum.

Á Íslandi var unnið með mat á raunfærni fyrir þjónustufulltrúa í bönkum. Þróuð voru evrópsk viðmið fyrir mat á færni fyrir störf almennra starfsmanna í bönkum og prófuð aðferðafræði sem þróuð hefur verið í verkefninu. Alls útskrifuðust 19 bankastarfsmenn hjá Glitni, Landsbankanum og Kaupþing banka. Matið var byggt á færnimöppu, sjálfsmati, viðtölum, mati yfirmanns og mati í gegnum raundæmi. Ísland, Danmörk og Kýpur unnu

raunfærnið í bönkum. Aðferðafræðin var síðan yfirfærð á aðrar starfsgreinar í Slóveniu og Svíþjóð.

Lokaráðstefna verkefnisins var haldin í lok september sl. Stefán Stefánsson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, setti ráðstefnuna en Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, stýrði henni. Fjóla María Lárusdóttir, sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, gerði grein fyrir gangi verksins, niðurstöðum og afurðum sem verkefnið gaf af sér. Tveir viðkunnir erlendir fyrirlesarar, þau Lorna Unwin og John Konrad, fluttu fyrirlestra. Þrjár málstofur voru á ráðstefnunni og skiliðu álitum í lok hennar. Um 60 manns tóku þátt í ráðstefnunni.

Frekari upplýsingar um VOW-verkefnið og afurðir þess er að finna á heimasíðu verkefnisins, www.valueofwork.org. Meðal afurða verkefnisins eru:

- *Handbók um færniðið* (Handbook of competence standards) um þróun viðmiða, notkun og yfirfærslu þeirra.
- *Handbók um aðferðafræði* (Handbook of methods and tools) sem lýsir þeirri aðferðafræði sem þróuð var í verkefninu.
- *Bæklingur fyrir hagsmunaðila* (Guideline brochure) sem lýsir verkefninu, ferlinu og reynslu þátttakenda af því.



Mynd 1. Íslenski hópurinn við affendingu skírteina.